

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Drangsness.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir varma-orku og annað sem hér er tilgreint, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Notendagjöld eru sem hér segir:

Vatnsgjald um vatnsmæli fyrir rúmmetra vatns	kr.	73,27
Fastagjald fyrir hvern mæli á dag verði	kr.	51,90
Lokunargjald	kr.	7.000,00
Gjald fyrir aukaálestur	kr.	5.000,00

Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu, og svarar það til notkunar 7,2 rúmmetra vatns á sólarhring). Notendur geta sótt um afslátt á vatnsgjaldi ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mælaborns eftir að áætlað hámarksrennsli, sbr. að ofan, hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur.

Tengigjöld eru sem hér segir:

Heimæðagjald fyrir íbúðarhús verði	kr.	500.000
Heimæðagjöld fyrir húsnæði yfir 1200 rúmmetra að stærð	kr.	800.000
Heimæðagjöld fyrir dreifbýli	kr.	500.000
að auki skal greiða aukalega pr. lengdarmetra frá stofnæð	kr.	3.800

Sveitarstjórn er heimilt að veita afslátt af tengigjöldum og dreifa greiðslum á allt að 12 mánuði. Þá er sveitarstjórn heimilt að semja um lægri notendagjöld til stórnótenda í atvinnurekstri.

3. gr.

Notendagjöld skv. 2. gr. verða krafín mánaðarlega með gjalddaga 30. dag næsta mánaðar og eindaga 30 dögum síðar. Lesið verður af mælum eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er að vaxtareikna ógreidd notendagjöld frá gjalddaga hafi þau ekki verið greidd á eindaga.

4. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli til notanda sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Sá sem vanskilum veldur skal í hvert sinn greiða lokunargjald sbr. 2. gr. gjaldskrár þessarar. Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

5. gr.

Hitaveitustjóra eða starfsmönnum veitunnar skal hvenær sem er frjálss aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notanda hitaveitunnar skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

6. gr.

Hitaveitan leggur dreifikerfi, heimæðar og inntök inn fyrir vegg í húsnæði notanda. Kostar uppsetningu rennismælis, síu og þrýstimælis. Annar búnaður við tengingu húsnæðis er á kostnað notanda.

7. gr.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skal vera hitamælir á útrennsli, þrýstimælir og öryggisloki, staðsett samkvæmt fyrirmælum veitustjóra. Á hitakerfum, tengdum dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka á afrennsli sem halda hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu.

8. gr.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign hitaveitunnar. Hitaveitan getur heimilað notkun þess til upphitunar í gróðurhúsum, bílastæðum og öðrum stöðum. Hitaveitan getur afturkallað slík leyfi án bóta, ef nauðsynlegt er vegna almennra orkusparnaðarsjónarmiða. Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og eða annan slíkan búnað við bakrennslið nema að fengnu samþykki hitaveitunnar.

9. gr.

Breytingar á gjöldum skv. 2. gr. skulu háðar samþykktum sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps og skulu þær staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

10. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29 apríl 1967, með síðari breytingum og reglugerð nr. 301/2000 til þess að öðlast gildi 1. janúar 2012 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 399, 14. apríl 2011.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. desember 2011.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Erla Sigríður Gestsdóttir.